

Bókafundur 8 janúar 2013 kl. 19:30 heima hjá Ingibjörgu Auðuns Eikarlundi 4.

Dagskrá

1. Setning fundar.
2. Orð til umhugsunar.
3. Fundargerð síðasta fundar lesin (María Gunnarsdóttir)
4. Erindi frá stjórn.
5. Bókaumræður.
6. Önnur mál.
7. Kaffi og happdrætti (Jónína fékk síðasta vinning)
8. Fundi slitið.

1. Jónína setti fund og Hanna kveikti á kertum. Jónína bar kveðjur frá fjarstöddum en mættar voru 21 fallegar konur vel lesnar og úthvíldar eftir jólin.

2. Aníta var með orð til umhugsunar en hún fjallaði um kennarstarfið. Hvað það spilar stórt hlutverk t.d. í ævisögum fólks og þá sérstaklega hvað gerir kennara að góðum kennara? Hún sagði frá sinni skólagöngu og þeim kennurum sem höfðu hvað mest áhrif á hana og þeim kennurum sem gáfu af sér! Hennar lokaorð vour úr ljóðabálki “Einræður Starkaðar” eftir Einar Benediktsson “Eitt bros getur dimmu í dagsljós breytt.”

3. María las fundargerð síðasta fundar sem haldinn var í Brekkuskóla fimmtudaginn 1. nóvember. Og var hún samþykkt með smá breytingu.

4. Erindi frá stjórn. Ákveðið var á nóvemberfundi að ræða um og kjósa um tillögur útbreiðslunefndar. Lagði Jónína því til á þessum fundi að fresta þeirri umræðu til fundarins í febrúar svo við hefðum meiri tíma til að spjalla um bækur. Það var samþykkt.

Bréf barst frá Sigríði Rögnu sem býður upp á “Stjörnunámskeið”. Er þetta eitthvað sem við viljum? Jónína ætlar að senda póst til hennar og fá nánari upplýsingar um þetta námskeið.

Síðan voru þær konur minntar á sem eiga að sjá um næsta fund.

Þorgerður fékk orðið hún fann nokkrar formannamöppur, tvær gestabækur og er sú fyrri frá árinu 1997 og sú seinni til dagsins í dag. Einnig er til kassi með 17 bókum “Listakonan í fjörunni” og hellingur af kortum. Það kom tillaga frá fundarkonu að koma með kortin og bækurnar á fund og selja. Þetta er gaman

að eiga og getað gefið. Ákveðið var að gefa MÝ- deild eina bók og kort. Fundargerðarbækur frá árinu 2000 eru hjá Jónínu og einhver gögn eru á Héraðsskjalasafninu.

Önnur mál. Ingibjörg Auðuns er í uppstillingarnefnd í Landssambandsstjórn og sagði hún okkur frá því að ákveðið yrið á næstu dögum hverja uppstillingarnefndin velur.

Eygló vefskoðari sagð okkur frá því sem væri að gerast á vef Delta-Kappa-Gamma en það var óköp lítið annað en það að Ingibjörg Einarsdóttir í Gamma-deild var sæmd Stórriddara krossi fyrir Stóru upplestrarkeppnina sem er frábært framtak hjá henni.

Fríða tók við stjórn bókafundarins og að honum loknum þá var ákveðið að lesa tvær bækur fyrir leshringinn sem verður 12. mars en það eru bækurnar “Táknmál blómanna” eftir Vanesu Diffenbaugh og “Undantekningin” eftir Auði Övu Ólafsdóttur.

Gert var kaffihlé á bókafundinum og pyngjan góða látin ganga. Einnig var dregið í happadrættinu og fékk Jóhanna Þorsteinsdóttir vinninginn að þessu sinni.

Jónína sleit fundi kl. 22:30